

Sveitarfélagið Hornafjörður  
bt. Brynju Daggar Ingólfssdóttur, umhverfis- og skipulagsstjóra  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn  
[brynja@hornafjordur.is](mailto:brynja@hornafjordur.is)

Dags. 14.04.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0042  
0.5.1

Með erindum dags. 2. og 3. apríl sl. óskaði Sveitarfélagið Hornafjörður eftir umsögn Veðurstofu Íslands um flóðahættu í Fellsá í framhaldi af umsögn og minnisblaði Vegagerðarinnar og umsögn Náttúrustofu Suðausturlands.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Umrædd staðsetning er á svæði sem þar sem mikil úrkoma fellur, sem ásamt leysingavatni frá Fellsárjökli myndar umtalsvert afrennsli. Í atburðum þar sem um mikla úrkomu og leysingu er að ræða, líkt og í september 2017, geta orðið flóð á söndunum, en núverandi varnargarðar koma í veg fyrir að Fellsá flæði yfir skipulagssvæðið. Á skipulagssvæðinu er fyrirhugað að byggja hótél sem staðsett væri í miðjum gamla farveginum, í um 8 til 9 m y. s. og um 0,5 km frá varnargarðinum sem nær frá 10 til 23 m y. s. Ef varnargarðurinn myndi rofna er ljóst að umrætt svæði færi undir flóðvatn.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að gæta sérstaklega vel að mögulegum áhrifum flóða. Mælt er með því að gengið sé úr skugga um að hönnun varnargarðanna dugi með tilliti til ásættanlegra öryggismarka hvað varðar flóðaáhættu. Ljóst er að áhætta innan svæðisins eykst með meiri viðveru íbúa og gesta sem dveljast á svæðinu með breyttu skipulagi.

Til þess að unnt sé að segja til um öryggi varnargarðanna er því mælt með því að kortleggja útbreiðslu hönnunarflóðs með straumfræðilíkani þar sem áhrif varnargarðsins eru metin. Einnig er mælt með því að lagt verði mat á öryggi varnargarðsins, þ.e.a.s. líkur á því að hann rofni. Án frekari upplýsinga um útbreiðslu flóða og mat á öryggi varnargarðsins er mælt gegn uppbyggingu á umræddu svæði.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ